

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Ráðgjafanefnd um Friðland að Fjallabaki		Síða
Dags. fundar 10.09.2021	Tími 13:00-15:00	Staður Umhverfisstofnun Hellu	Nr. fundar
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Hákon Ásgeirsson		Málsnr. UST202109-303
Fundarmenn: Frá Umhverfisstofnun: Hákon Ásgeirsson. Frá Ferðafélagi Íslands Anna Dóra Sæþórsdóttir. Rangárþingi ytra: Sigurgeir Guðmundsson, Magnús Jóhannsson og Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir			
Fjarverandi: Afrít sent Öllu nefndarfólki.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p>Farið yfir sumarið og hvernig það gekk:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vegur 208 í Landmannalaugar opnaði 12. júní • 2-3 landverðir á vakt frá byrjun júní og verða til 28. september • Aukning í landvörslu frá árinu 2020 var um 10 vikur • Fræðsludagskrá var 5 daga vikunnar 1. júlí – 10. ágúst. • Aukning í leyfisveitingum frá árinu á undan • Stjórnunar og verndaráætlun tók gildi í vor. <p>Framkvæmdir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lokið við viðhald og uppbyggingu gönguleiðarinnar Laugahringnum frá Landmannalaugum að Brennisteinsöldu. • Viðhald og uppbyggingu gönguleiðar að Rauðafossi lokið, bílastæði í vinnslu. • Unnið að færslu gönguleiðar á Suðurnámur. • Gönguleið að Grænahrygg stikuð. • Hönnun á göngubrú yfir Námskvísl í vinnslu. • Lokið er við hönnun á nýjum palli við náttúrulaug í Landmannalaugum. • Hönnun á nýjum göngupöllum frá skála Fí í Landmannalaugum að palli við náttúrulaug og áfram að Námskvísl er í vinnslu. • Vinna við gerð upplýsinga- og fræðsluskilta og vegvísa fyrir friðlandið er í vinnslu og gert ráð fyrir að skilti verði tilbúin næsta vort til uppsetningar. 	Allir
2	<p>Umræður um ýmis verkefni</p> <p>Umhverfisstofnun í samvinnu við Hellismenn og sveitarfélagið vinnur að breytingu á deiliskipulagi fyrir Landmannahelli. Drög að breytingu á deiliskipulagi var tekið fyrir á sveitarstjórnarfundi 9. september 2021. Sveitarstjórn hafnaði deiliskipulagsbreytingu að sinni í bókun nr. 2.18 2007003 þar sem segir m.a.: „Sveitarstjórn telur að framkomnar tillögur að breytingum á deiliskipulaginu séu flestar til bóta en getur ekki samþykkt að óbyggðar lóðir skv. gildandi deiliskipulagi verði felldar út.“ Í tillögu að breytingu á</p>	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<p>deiliskipulagi er lagt til að felldar verði út tvær óbyggðar lóðir þar sem heimilt er að byggja allt að 90 m² hús. Umhverfisstofnun mun óska eftir fundi með sveitarfélaginu varðandi næstu skref.</p> <p>Rætt var um stikun á gönguleiðinni að Grænahrygg hvort það hafi verið rétt að fara í það verkefni. Umferð að Grænahrygg hefur aukist gríðarlega á undanförunum tveim árum. Í sumar buðu nokkur ferðaþjónustufyrirtæki upp á reglulegar gönguferðir að Grænahrygg. Fulltrúar í ráðgjafanefnd voru sammála um að rétt hafi verið að stika leiðina með tilliti til aukinnar umferðar um svæðið. Skoða þarf hvort stýra þarf umferð við Grænahrygg og koma í veg fyrir að margir stígar myndist fyrir ofan hrygginn.</p> <p>Fleiri svæði innan friðlandsins sem voru lítt þekkt áður og lítil umferð um þau, eru nú að uppgötvast. Fylgjast þarf með þessum svæðum og ef umferð um þau aukast mikið, að gripið verði þá til þess að stýra umferð um svæðin til að vernda viðkvæma náttúru þess.</p> <p>Með færslu á gönguleiðinni á Suðurnámur var lagt til að verði ígrundað vel hvar upphaf leiðarinnar verður og hvort æskilegt sé að hluti leiðarinnar liggja um Námshraun. Útfærsla á því mun starfsmaður Umhverfisstofnun skoða nánar með framkvæmdaraðila.</p> <p>Rætt var um áhrif þyrluflugs á upplifun gesta í friðlandinu, þ.e. annar gesta en þeirra sem nýta þyrluþjónustu. Umhverfisstofnun hafa borist ábendingar um hávaðamengun frá þyrluflugi þegar lent er í og við Jökulgil. Í stjórnunar- og verndaráætlun er gert ráð fyrir að meta áhrif þyrluflugs í friðlandinu og hvort skilgreina þurfi lendingarstaði innan þess. Fulltrúar í ráðgjafanefnd nefndu það að huga þarf að hagsmunum heildarinnar varðandi þyrluflug og neikvæð áhrif sem það getur haft á upplifun gesta í friðlandinu.</p>	
3	<p>Verkefni framundan</p> <ul style="list-style-type: none"> Aðgerðaráætlun fyrir friðlandið verður uppfærð, en hún gildir til þriggja ára. Aðgerðir ársins 2021 samkvæmt áætluninni verða yfirfarin og þær aðgerðir sem ekki var farið í flutta yfir á árið 2022. Aðgerðaráætlun er uppfærð samhliða endurskoðun á Landsáætlun um uppbyggingu innviða, úthlutun styrkja úr þeirri áætlun og forgangsröðun verkefna. 	
4	<p>Næstu skref</p> <p>Fulltrúar í ráðgjafanefnd verða upplýstir um tillögur að verkefnum sem sótt verður um í Landsáætlun og forgangsröðun þeirra.</p> <p>Stefnt er á að næsti fundur verði í vor 2022.</p>	